



Uppgjör Landsbankans Janúar - mars 2022

Fréttatilkynning 5. maí 2022

Fréttatilkynning 5. maí 2022

Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2022

- Hagnaður Landsbankans á fyrstu þremur mánuðum ársins var 3,2 milljarðar króna.
- Arðsemi eiginfjár var 4,7%.
- Hreinar þjónustutekjur jukust um 28,5% á milli ára, einkum vegna vaxandi umsvifa í eignastýringu og markaðsviðskiptum.
- Hreinar vaxtatekjur jukust um 19%, aðallega vegna þess að efnahagsreikningur er stærri og ávöxtun lausafjár betri.
- Markaðshlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði mældist 39% í lok tímabilsins, heldur meiri en á sama tíma í fyrra.
- Kostnaðarhlutfall (K/T) var 54,9% og kostnaður er áfram stöðugur. Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu heildareigna er 1,4%.
- Dregið hefur úr vexti íbúðalána en útlán til fyrirtækja jukust um 20,7 milljarða króna, ef gengisáhrifa hefði ekki gætt.
- Um 90% af nýjum íbúðalánnum á fyrsta ársfjórðungi voru óverðtryggð og 58% lánanna voru með fasta vexti, í flestum tilvikum til þriggja ára.
- Landsbankinn varð aðalleyfishafi hjá Visa sem eykur hagkvæmni í rekstri og gerir bankanum m.a. auðveldara að bjóða upp á nýjungar í kortþjónustu.
- Fyrsta rafræna þinglýsing íbúðaláns fór fram í febrúar og var Landsbankinn fyrstur íslenskra banka til að bjóða upp á þessa þjónustu.
- Kaup í sjóðum Landsbréfa hafa aukist um 30% á milli ára.

Hagnaður Landsbankans á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 nam 3,2 milljörðum króna eftir skatta samanborið við 7,6 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2021. Arðsemi eigin fjár á tímabilinu var 4,7% á ársgrundvelli, samanborið við 11,7% á sama tímabili 2021.

Hreinar vaxtatekjur námu 10,3 milljörðum króna samanborið við 8,6 milljarða króna á sama tímabili árið áður sem er 19% hækkun á milli tímabila. Hreinar þjónustutekjur Landsbankans námu 2,6 milljörðum króna samanborið við 2,1 milljarð króna á sama tímabili árið áður. Aðrar rekstrartekjur voru neikvæðar um 1 milljarð króna en voru jákvæðar um 5,1 milljarð króna á sama tímabili árið 2021. Virðisbreytingar útlána eru jákvæðar um 0,8 milljarða króna það sem af er ári samanborið við jákvæðar virðisbreytingar upp á 2,5 milljarða króna á sama tíma á síðasta ári.

Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna nam 2,4% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 en var 2,2% á sama tímabili árið áður.

Rekstrarkostnaður bankans var 6,7 milljarðar króna á tímabilinu samanborið við 6,6 milljarða króna á sama tímabili árið áður. Þar af voru laun og launatengd gjöld 3,8 milljarðar króna og standa í stað á milli tímabila. Annar rekstrarkostnaður var 2,9 milljarðar króna samanborið við 2,8 milljarða króna á sama tímabili árið áður.

Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) fyrstu þrjá mánuði ársins var 54,9%, samanborið við 45,8% á sama tímabili árið 2021.

Heildareignir Landsbankans jukust um 3,8 milljarða króna á tímabilinu og námu 1.734 milljörðum króna í lok fyrsta ársfjórðungs. Útlán jukust um 29 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022, en útlánaaukninguna má bæði rekja til aukningar á lánnum til einstaklinga og fyrirtækja. Í lok fyrsta ársfjórðungs voru innlán frá viðskiptavinum 922,6 milljarðar króna, samanborið við 900,1 milljarð króna í árslok 2021 og höfðu því aukist um 22,5 milljarða króna.

Eigið fé Landsbankans var 265,3 milljarðar króna þann 31. mars sl. og eiginfjárhlutfallið var 24,3%. Aðalfundur bankans, sem haldinn var þann 23. mars 2022, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna rekstrarársins 2021 að fjárhæð 14.409 milljónum króna og að greiðslan yrði tvískipt. Fyrri hluti arðgreiðslunnar að fjárhæð 7.323 var greidd þann 30. mars 2022. Síðari hluti arðgreiðslunnar að fjárhæð 7.086 verður greiddur þann 21. september 2022. Einnig samþykkti aðalfundurinn tillögu bankaráðs um sérstaka arðgreiðslu að fjárhæð 6.141 milljón króna og var hún greidd til hluthafa þann 28. apríl 2022. Arðgreiðslur frá árinu 2013 nema samtals 166,7 milljörðum króna.

Bein áhrif af stríðsátökum í Úkraínu á áhættustöðu bankans eru lítil sem engin en óbein áhrif koma helst fram í breytingum á markaðsaðstæðum sem geta haft áhrif á viðskiptavinum, aukinni verðbólgu á Íslandi og í helstu hagkerfum viðskiptalandanna, auknu flökki á fjármálamörkuðum og auknum líkum á netarásum.

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Uppgjörið endurspeglar góða byrjun á árinu hjá Landsbankanum og sýnir stöðugan rekstur og sterka markaðsstöðu bankans. Hreinar vaxtatekjur jukust um 19% og hreinar þjónustutekjur um 28% og er árangurinn einkum vegna aukinnar markaðshlutdeildar og góðs árangur í eignastýringu og markaðs- viðskiptum. Þá er áfram góð afkoma hjá Landsbréfum eftir frábært ársuppgjör félagsins. Sveiflur á hlutabréfamörkuðum hafa á hinn bóginn neikvæð áhrif á uppgjör fjórðungsins en á móti vega jákvæðar virðisbreytingar.

Góður rekstur og sterk staða gerir bankanum kleift að greiða 20,6 milljarða króna í arð á árinu en við arðgreiðsluna lækkar eiginfjárhlutfallið lítillega. Lausafjár- og eiginfjárstaða eru þó sem fyrr töluvert umfram kröfur eftirlitsaðila og er áfram gríðarsterk miðað við banka í Evrópu. Eftir vel heppnaðar skuldabréfaútgáfur fyrir á þessu ári er fjármögnunarpörf bankans á næstunni tiltölulega lítil, sem er mjög til bóta þegar farið er inn í enn eitt óvissutímabilið.

Vegna aukinna útlána til fyrirtækja jukust útlán á fyrsta fjórðungi um 37 milljarða króna, sé litið framhjá gengisáhrifum. Bankinn er með sterka stöðu á íbúðalánamarkaði og er sem fyrr umsvifamestur á byggingarmarkaði. Við sjáum greinilega að heimili sækja í að festa vexti á íbúðalánnum sem er skiljanlegt í ljósi þeirrar óvissu sem nú ríkir um þróun vaxta og verðbólgu.

Við náðum miklum áfanga í febrúar þegar við byrjuðum að þinglýsa endurfjármögnuðum íbúðalánnum rafrænt. Við rúllum lausninni út jafnt og þétt og stefnum á að ljúka innleiðingu í maí. Við erum stolt af þessum árangri og ánægð með hvað þetta er til mikillar einföldunar fyrir viðskiptavinum sem endurfjármagna hjá bankanum. Við höfum átt mikið og gott samstarf við stjórnvöld um rafrænu þinglýsingarnar en lyfta þurfti grettistaki til að komast á þennan stað. Við bjóðum nú líka upp á verðbrefaviðskipti í appi sem er kærkomin nýjung fyrir viðskiptavinum. Um 80% viðskipta með hlutabréf og sjóði Landsbréfa fara nú fram í netbanka eða appi. Það var svo hápunktur fyrsta fjórðungs að bankinn mældist í þriðja sinn efstur banka í Íslensku ánægjuvöginni. Landsbankinn hefur sterka stöðu í íslensku efnahagslífi og við munum áfram vinna ötullega að því að innleiða snjallari bankaþjónustu og treysta tengslin við viðskiptavinum.

Við höfum lengi lagt mikla áherslu á sjálfbærni og það er afar ánægjulegt hversu mikil eftirspurn er eftir sjálfbærri fjármögnun bankans. Ellefu fyrirtæki og verkefni hafa nú hlotið sjálfbærnimerki Landsbankans sem er til marks um að þau uppfylla skilyrði í sjálfbærri fjármálaumgjörð bankans. Árangursríkasta leiðin fyrir banka til að stuðla að sjálfbærni er að ýta undir og styðja við aukna sjálfbærni hjá viðskiptavinum – og þar ætlum við áfram að skara fram úr.“

Helstu atriði úr rekstri á fyrsta ársfjórðungi (1F) 2022

Rekstur:

- Hagnaður Landsbankans á 1F 2022 nam 3,2 milljörðum króna samanborið við hagnað upp á 7,6 milljarða króna á sama ársfjórðungi árið 2021.
- Arðsemi eiginfjár var 4,7% á 1F 2022, samanborið við 11,7% á sama ársfjórðungi árið á undan.
- Hreinar vaxtatekjur á ársfjórðungnum voru 10,3 milljarðar króna en þær námu 8,6 milljörðum króna á 1F 2021.
- Virðisbreyting útlána og krafna var jákvæð um 0,8 milljarða króna á 1F 2022 samanborið við jákvæða virðisbreytingu upp á 2,5 milljarða króna á 1F 2021.
- Hreinar þjónustutekjur námu 2,6 milljörðum króna en voru 2,1 milljarður króna á 1F 2021.
- Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna var 2,4% á 1F 2022 en var 2,2% á sama tímabili árið áður.
- Laun og launatengd gjöld námu 3,8 milljörðum króna og standa í stað á milli tímabila.
- Rekstrarkostnaður að frátöldum launum og launatengdum gjöldum nam 2,9 milljörðum króna á 1F 2022 samanborið við 2,8 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2021.
- Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) á 1F 2022 var 54,9% samanborið við 45,8% á sama ársfjórðungi árið á undan.
- Stöðugildi hjá Landsbankanum þann 31. mars 2022 voru 791 en voru 869 á sama tíma fyrir ári.

Efnahagur:

- Eigið fé Landsbankans í lok fyrsta ársfjórðungs 2022 var 265,3 milljarðar króna sem er 17,3 milljörðum krónum lægra en í árslok 2021.
- Þann 30. mars 2022 var greiddur út fyrri hluti arðgreiðslu til hluthafa að fjárhæð 7.323 milljónir króna. Síðari hluti arðgreiðslunnar að fjárhæð 7.086 milljónir króna verður greiddur þann 21. september 2022. Sérstök arðgreiðsla að fjárhæð 6.141 milljón króna var greidd þann 28. apríl 2022.
- Eiginfjárlutfall bankans (e. total capital ratio) í lok fyrsta ársfjórðungs 2022 var 24,3% en var 26,6% í lok árs 2021. Það er verulega umfram 18,9% eiginfjárviðmið Fjármálaeftirlits Seðlabankans.
- Heildareignir bankans námu 1.734 milljörðum króna í lok mars 2022.
- Útlán jukust um 29 milljarða króna á fyrstu þrem mánuðum ársins 2022. Útlán til einstaklinga jukust um 17 milljarða króna og útlán til fyrirtækja jukust um 13 milljarða króna.
- Innlán viðskiptavina námu 923 milljörðum króna í lok mars 2022, samanborið við 900 milljarða króna í lok árs 2021.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjárahættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjárlutfall bankans (e. liquidity coverage ratio) var 142% í lok mars 2022 samanborið við 179% í lok árs 2021.
- Heildarvanskil fyrirtækja og heimila voru 0,2% af útlánnum. Vegna tímabundinna Covid-19-úrræða og frestunar á greiðslum má ætla að vanskil mælist minni en ella.

	1F 2022	1F 2021	2021	2020
Fjárhæðir í milljónum króna				
Hagnaður eftir skatta	3.216	7.618	28.919	10.521
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	4,7%	11,7%	10,8%	4,3%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna	2,4%	2,2%	2,3%	2,5%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) *	54,9%	45,8%	43,2%	47,4%
	31.3.2022	31.3.2021	31.12.2021	31.12.2020
Heildareignir	1.733.644	1.600.952	1.729.798	1.564.177
Útlán til viðskiptavina	1.416.504	1.287.448	1.387.463	1.273.426
Innlán frá viðskiptavinum	922.556	794.252	900.098	793.427
Eigið fé	265.310	261.384	282.645	258.255
Eiginfjárlutfall alls	24,3%	24,9%	26,6%	25,1%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	143%	140%	142%	132%
Heildarlausafjárþekja	142%	202%	179%	154%
Lausafjárþekja erlendra mynta	292%	477%	556%	424%
Vanskilahlutfall (>90 daga)	0,2%	0,6%	0,3%	0,8%
Stöðugildi	791	869	816	878

* K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).

Fjarfundur vegna uppgjors

Föstudaginn 6. maí kl. 10.00 mun bankinn bjóða upp á fjarfund á ensku þar sem farið verður yfir uppgjör bankans vegna fyrsta ársfjórðungs 2022. Vinsamlegast skráið ykkur á fjarfundinn með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@landsbankinn.is.

Fjárhagsdagatal Landsbankans

Uppgjör 2F 2022	21. júlí 2022
Uppgjör 3F 2022	27. október 2022
Ársuppgjör 2022	2. febrúar 2023